

Kæru fundargestir, ég býð ykkur velkomin á Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að vori sem í fyrsta skiptið í sögu sambandsins er haldið í fjarfundi. Það jákvæða við heimsfaraldurinn er að við þurftum að stökkva inn í nútímann og tileinka okkur nútíma tækni, sem mörgum opinberum stofnunum þótti ógjörningur í upphaf árs. Nokkurn mánuðum seinna hafa nánast flestar stofnanir gjörbreytt allri sinni starfsemi og vonandi sjá sveitarfélögin hag sinn í að halda í einhverjar breytingar. Sama á við um okkur í Fjórðungssambandinu. –

En, þrátt fyrir nýtt fundarform þá breytum við ekki formi þingsins – að því sögðu geri ég tillögu um að þingforseti verði Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð.